

Alþingi
Erindi nr. P 127/2133
komudagur 2.5.2002

Á fundi stjórnar SSNV í gær, 1. maí, voru eftirfarandi þingmál sem send haf verið samtökunum til umsagnar afgreidd með svohljóðandi bókun:

1. Erindi frá Alþingi.

- X 1.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum. Mál 520. Stjórn SSNV telur frumvarpið vera í aðalatriðum til bóta frá gildandi lögum, en telur ákvæði í 3. gr. um fjárskuldbindingar sveitarfélaga óþarfst. Stjórnin telur óæskilegt að blanda verkefnum saman milli ríkis og sveitarfélaga. Það kallar á togstreitu milli aðila um fjármagn og verkefni. Eðlilegra væri að náttúrustofur væru alfarið á ábyrgð og kostnað ríkisins. Einnig kæmi til greina að flytja verkefnið náttúruvernd og náttúrufræðistofnun til sveitarfélaga að því tilskyldu að eðlilegir tekjustofnar fylgdu með verkefninu.
- 1.2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um afréttarmálefni, fjallskil ofl. Mál 583. Frestað.
- 1.3. Frumvarp til laga um landgræðslu. Mál 584. Frestað.
- 1.4. Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014. Mál 585. Frestað.
- 1.5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Mál 616. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.
- 1.6. Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Mál 640. Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemd við 12. grein frumvarpsins: Í fyrri setningu 12. greinarinnar breytist orðin ...fimm ár ... í ...tíu ár... Seinni setning 12. greinarinnar falli niður.
- 1.7. Tillaga til þingsályktunar um neysluvatn. Mál 679. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hár með.

Bjarni Þór Einarsson, framkvæmdastjóri SSNV.